

Hafnarfjarðarbær
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
B/t Íþróttta- og tómstundaneftndar

Hafnarfirði, 16. apríl í 2015.

Varðar: Rekstrarstyrk til Golfklúbbsins Setbergs fyrir árið 2015.

Golfklúbburinn Setberg (hér eftir „GSE“) var stofnaður 1994 og hefur verið aðili að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar síðan 1995. GSE hefur s.l. ár fengið rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ. Annars vegar hafa fjögur ungmenni sem hafa starfað á vellinum fengið laun frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar fyrir hluta af þeirra vinnu yfir sumarið og hins vegar hefur verið um fjárframlag að fjárhæð kr. 250.000 að ræða.

GSE hyggst vera með öflugt unglingastarf á vellinum í sumar og er styrkurinn stór hluti af því að geta verið með það starf á vellinum.

Framangreindur styrkur hefur verið mikilvægur fyrir rekstur GSE. Hér með óskað eftir að styrkurinn fyrir árið 2015 verði hækkaður í kr. 300.000 og að klúbburinn geti áfram fengið greidd laun fyrir fjögur ungmenni frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar.

Virðingarfullst,

F.h. Golfklúbbsins Setbergs:


Pórarinn Sófusson